



Leikskólinn Krílakot



Öryggishandbók Krílakots

Verklagsreglur

Ábyrgðarmaður Guðrún H. Jóhannsdóttir leikskólastjóri
Desember 2021

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Upplýsingar/öryggismál	3
Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum.....	3
Áfallaáætlun Krílakots.....	3
Viðbrögð við áföllum.....	4
Helstu aðgerðir áfallaráðs við áföllum.....	4
Slysavarnir	4
Öryggi í námsumhverfi.....	5
Öryggisnefnd.....	5
Slys	6
Slys á nemendum	6
Staðsetning sjúkrakassa.....	6
Alvarlegri slys eða bráð veikindi	6
Verklagsreglur um tilkynningu alvarlegra eða lífshættulegrar slysa á nemendum.	7
Slys á foreldrum nemanda	8
Slys á starfsfólki.....	8
Veikindi	8
Alvarleg veikindi eða dauðsfall	8
Veikindi eða dauðsfall nemenda í leikskólanum	8
Andlát nemanda fyrstu viðbrögð í skólanum:.....	9
Vinna á viðkomandi deild sama dag	9
Vinna á viðkomandi deild næstu daga	10
Alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu nemanda	10
Veikindi eða dauðsfall starfsfólks í leikskólanum	11
Andlát starfsmanns (eða maka/barn starfsmanns)	11
Barnavernd.....	11
Viðbrögð vegna eineltis, kynferðisáreitni og ofbeldi gagnvart starfsmönnum	12
Eldsvoði, óveður og náttúruhamfarir	13
Eldsvoði	13
Viðbrögð:.....	13
Hlutverk:	15
Slökkvitæki og brunaslöngur	15
Jarðskjálfti	16
Óveður	17
Ábyrgð foreldra.....	17
Viðbrögð leikskóla.....	17

Inngangur

Leikskólinn Krílakot leggur áherslu á forvarnir og öryggi allra innan sem utan leikskólans og styðst við þann ramma og efnivið sem birtist í Handbók um velferð og öryggi nemenda í leikskólum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Upplýsingar/öryggismál

Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum

Í áfallaráði skólans skulu að öðru jöfnu sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og starfsmaður skólans sem á einhvern hátt hefur reynslu eða þekkingu sem nýst gæti þeim sem verður fyrir áfalli.

Ávallt er farið eftir leiðbeiningum frá Almannavörnum.

Áfallateymi kemur upplýsingum til lögreglu eða þeirra aðila sem leita þarf til.

Markmið áfallateymis er að geta brugðist hratt og réttilega við þegar áföll verða hjá nemendum foreldrum eða starfsfólki leikskólans. Áföll geta verið til dæmis bráð veikindi, dauðsföll, alvarleg slys eða aðrir atburðir sem líklegir eru til þess að kalla fram áfallastreitu, breytta hegðun eða sorgarviðbrögð. Áfallateymið setur saman vinnuáætlun svo starfsmenn viti hvernig bregðast skal við áföllum. Lykilatriði áætlunarinnar er að mótaðar séu skýrar og afdráttarlausar leiðbeiningar um hver sinnir hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem eiga hlut að máli hverju sinni.

Áfallateymi þarf að sjá til þess að starfsfólk leikskólans fái kynningu á því hvernig bregðast skal við áföllum en einnig sjá til þess að starfsfólk fái stuðning og hjálp.

Öll áföll sem tengjast skólanum skulu tilkynnt skólastjóra eða staðgengli hans. Hann sér um að tilkynna sínum yfirmönnum hvað gerst hefur ef þurfa þykir. Þegar um er að ræða áfall sem líklegt er til að kalla fram áfallastreitu eða sorgarviðbrögð er áfallateymi kallað til fundar. Farið er yfir breytingar á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna áfalla. Rætt er um áföll og tekin ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið.

Áfallaáætlun Krílakots

Áfallaáætlun er unnin af leikskólastjóra í samráði við starfsfólk og utanaðkomandi aðila þegar skipuleggja þarf áfallahjálp nemenda og starfsfólks Krílakots, að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð við áföllum eru ákveðin.

Nokkur dæmi um atvik sem valda áfalli:

- dauðsföll
- langvarandi og alvarleg veikindi
- slys og afleiðingar þeirra

- félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. skilnaður, flutningar, vímuefni, atvinnuleysi, ofbeldi og misnotkun.

Viðbrögð við áföllum

Leikskólastjóri leitar staðfestingar á andláti, slysi, veikindum eða öðrum ástæðum áfallateymi kallað saman þegar það á við. Starfsmönnum, foreldrum og nemendum sagt frá atburðinum og leikskólastjóri sér um að upplýsingar berist til heimila. Hlúð er að nemendum og starfsfólki leikskólans eftir atvikum. Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist nemenda, fjölskyldu þess eða starfsmanni og fjölskyldu hans er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra eða staðgengils hans. Leikskólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallateymi ef þurfa þykir og skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum.

Helstu aðgerðir áfallaráðs við áföllum

Leita til sóknarprests, sálfræðings, eða annarra sérfræðinga og stuðningsaðila sem þurfa að koma inn í leikskólann til aðstoðar. Meta þarf á hvaða hátt skuli brugðist við með því að safna upplýsingum sem fengnar voru frá fyrstu hendi eða ábyggilegum leiðum miðla upplýsingum, útdeila verkefnum og halda utan um þá vinnu.

Leikskólastjóri er alltaf eini tengiliðurinn við fjölmiðla eða aðila utan leikskólansskólans ef þeir leita eftir upplýsingum um áföll sem varða nemendur, fjölskyldur þeirra eða starfsfólk.

Slysavarnir

Allir starfsmenn leikskóla ættu að kunna skyndihjálp leikskólabarna og viðhalda þeirri þekkingu með því að fara yfir og æfa reglulega viðbrögð við slysum og vá. Mikilvægt er að allir starfsmenn leikskólans kunni að bregðast við slysi á fumláusan hátt og er það á ábyrgð leikskólastjóra að svo sé. Hann ætti einnig að sjá til þess að haldið sé námskeið í slysavörnum og skyndihjálp leikskólabarna annað hvert ár þar sem starfsmenn endurnýja skyndihjálparréttindi sín. Æskilegt er að starfsmenn leikskóla æfi reglulega viðbrögð við mismunandi slysum.

Þegar nýir starfsmenn hefja störf í leikskólanum er mikilvægt að þeim sé gefið tækifæri til að sækja námskeið í slysavörnum og skyndihjálp leikskólabarna eins fljótt og auðið er, þeir fái kynningu á viðbragðsáætlunum og að farið sé yfir staðsetningu sjúkrakassa og öryggisupplýsinga barna.

Leikskólastjóri á að hafa yfirlit yfir alla starfsmenn sem hafa lokið skyndihjálparnámskeiði með dagsetningum svo skýrt sé hvenær komið sé að endurmenntun.

Starfsmenn fara reglulega á rafrænt námskeið í skyndihjálp <https://namskeid.raudikrossinn.is/>

Allt starfsfólk leikskóla ber ábyrgð á nemendum meðan þau eru í leikskólanum óháð deild og verður að grípa inn í ef nemandi sýnir af sér hegðun sem getur leitt til slysa. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um hvaða hættur geta leynst í leikskólum og umhverfi þeirra. Einnig á starfsfólk að sýna þá ábyrgð að taka strax úr umferð ónýt leikföng og bilaða hluti sem leitt geta til slysa við notkun.

Skrá skal alla nemendur þegar þau koma í leikskólann og þegar þau fara heim. Það er gert til að tryggja að starfsmenn hafi ávallt yfirlit yfir réttan fjölda nemenda í leikskólanum. Leikskólinn hefur sett sér verklag varðandi það ef annar aðili en forsjáraðili sækir nemandann.

Öryggi í námsumhverfi

Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla sé meðvitað um þá hættu sem getur steðjað að nemendum í nánasta umhverfi s.s. af tækjum og tólum og sjái fyrir þær hættur sem hugsanlega geta komið upp. Eftirfarandi er unnið upp úr öryggishandbók leikskóla þar sem nánar er farið í öryggi í námsumhverfi, https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf

Atriði sem huga þarf sérstaklega að:

- Passa þarf heitan mat á matmálistímum og skal starfsfólk gæta þess að heitir drykkir séu í lokuðum ílátum í leikrými nemenda.
- Festa skal öll húsgögn við vegg eða gólf á viðeigandi hátt. Einnig skal koma í veg fyrir að hvöss horn geti skaðað nemendur.
- Passa upp á að beisli séu í háum stólum ætluð ungum börnum og þau notuð á viðeigandi hátt
- Klemmuvarnir skulu vera á öllum hurðum og að hurðapumpa sé á útidyrhurð.
- Opnanleg fög í hæð nemenda skulu vera með öryggislæsingum.
- Passa þarf upp á að ganga frá gardínuböndum á viðeigandi hátt þannig að ekki skapist hætta.
- Hitastýrð blöndunartæki skulu vera með hámarki 38°C heitu vatni í handlaugum.
- Allir speglar í leikskólum skulu vera festir á ramma en ekki klemmur.
- Passa skal upp á hættuleg eldhúsáhöld. Nauðsynlegt er að hægt sé að loka eldhúsinu. Gangna þarf frá tækjum og tólum þannig að nemendur nái ekki í þau.
- Rík krafa er gerð til rafmagnstækja og öryggis þeirra. Ef tækin brotna eða rafmagnssnúður þeirra trosna er mikilvægt að slíkt sé lagað.
- Fara skal þannig með eld, kveikjara, eldfim og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti hlotist af þeim.
- Varast skal að hafa eiturefni þar sem nemendur ná til t.d. lyf, þvottaefni og önnur hreinsiefni.

Sími eiturefnamiðstöðvar: 543-2222

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd er starfandi sem skipuð er öryggistrúnaðarmanni og öryggisverði en hlutverk hennar er að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og koma í veg fyrir slys og atvinnutengda sjúkdóma. Gert er áhættumat og framkvæmdar nauðsynlegar umbætur ef þurfa þykir.

Starfsmenn deilda sjá m.a. um eftirlit úti og inni og framkvæma útieftirlit á lóð leikskólans daglega, að morgni. Öllum ábendingum skal skráð á þar til gert blað sem hangir á vegg í fataherbergi. Stærri ábendingum er komið til skila til leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra.

Slys

Slys á nemendum

Við minniháttar slys á nemendum sér starfsmaður sem er vitni að láta deildarstjóra vita og að gera slysaskráningu og þar til gerð eyðublöð. Deildarstjóri hringir í foreldra ef sést á nemanda og lætur vita. Mikilvægt er að hann viti nákvæmlega um ástand nemanda og hver viðbrögð leikskólans hafi verið fram að símtalinu. Ef meiðsli eru minniháttar þá setur deildastjórinn það í hendur foreldra hvort þeir vilji sækja eða koma og skoða meiðsli sjálfir. Ef um er að ræða meiri meiðsli biður deildarstjóri foreldra um að sækja nemandann og koma því til aðhlyningar á heilsugæslu.

Staðsetning sjúkrakassa

- Neyðarkassi er staðsettur hjá eldhúsi.
- Augnskol og plástur er á salerni í fataklefa
- Plástrar eru á öllum deildum

Alvarlegri slys eða bráð veikindi

Mikilvægt er að sá sem kemur fyrstur á slysstað taki yfir stjórnina hafi hann lokið námskeiði í skyndihjálpi, ef ekki kallar hann til næsta yfirmann. Hann metur áverka nemandans, hvort hringja þurfi á neyðarlínu og veitir skyndihjálpi. Hann lætur sækja skólastjóra eða deildarstjóra.

Mikilvægt er að færa áhorfendur (nemendur) af svæðinu sem fyrst þannig að þeir þurfi ekki að horfa upp á hinn slasaða og hafa aðrir starfsmenn það hlutverk að hlúa að öðrum nemendum.

Skólastjóri eða deildarstjóri tilkynnir foreldrum slysið og/eða hringir á sjúkrabíl. Starfsmaður sem hringir á sjúkrabíl lætur þann sem stjórnar aðstæðum vita að sjúkrabíll sé á leiðinni og tekur jafnframt á móti honum. Ef nemandi er flutt með sjúkrabíl fer deildastjóri eða kennari með honum ef foreldrar eru ekki á staðnum. Mikilvægt er að upplýsa sjúkraflutningamenn um nauðsynlegar læknisfræðilegar upplýsingar (ofnæmi, flogaveiki og slíkt) ef þær eru til staðar. Bráðaupplýsingar um nemanda eru inni á deildum í möppum. Foreldrar taka síðan við og starfsmaður yfirgefur aðstæður þegar það á við.

Skólastjóri/staðgengill sest niður með þeim sem varð vitni að atburðinum ásamt áfallateymi og fer yfir ferlið. Áfallateymið metur það ef nauðsynlegt er að starfsmenn og nemendur þurfi áfallahjálpi eða hvernig ræða á atburðinn. Ef slys er alvarlegt og hefur mikil áhrif á hópinn er haldinn fundur með starfsfólki þar sem farið er yfir staðreyndir málsins. Einnig er mikilvægt að láta aðra foreldra vita um hvað kom fyrir.

Ef nemandi er úrskurðað látið - sjá viðbrögð við andláti barns.

Slys sem verða utan skólatíma fá sömu meðferð hjá áfallateymi skólans.

Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð.

Þau tilfelli sem á að hringja í síma neyðarlínunnar 112 eru:

- Beinbrot
- Höfuðhögg / heilahristingur
- Miklir brunaáverkar
- Áverkar á kviðarholi
- Öndunarstopp
- Lost
- Áverkar / klemmuslys þegar dettur framan af fingri

Leiki vafi á alvarleika áverka skal kalla til sjúkrabíl

Mikilvægt er að sá sem hringir í 112 gefi þeim sem svarar yfirlit yfir ástandið á fyrstu 30 sekúndum samtalsins en það eru H-in þrjú:

- H – HVAR VARÐ SLYSIÐ? NAFN LEIKSKÓLANS, HEIMILISFANG OG NÁKVÆMARI STAÐSETNING Á nemanda (mikilvægt er að taka fram ef nemandinn er úti á lóð og þá hvar, sérstaklega þar sem lóðir eru stórar).
- H – HVER ER ÞAÐ SEM HRINGIR (kynna sig með fullu nafni og taka strax fram að verið sé að hringja úr leikskóla).
- H – HVAÐ KOM FYRIR, ALDUR OG KYN, HVER ER LÍÐAN VIÐKOMANDI (dæmi: Hinn slasaði heitir Jón Jónsson og er 4 ára, hann féll úr rennibraut og er mögulega fótbrottinn).

Verklagsreglur um tilkynningu alvarlegra eða lífshættulegrar slysa á nemendum.

Hafa samband við foreldra/forráðamenn

Starfsmaður leikskóla fer með nemanda í sjúkrabíl á heilsugæslu, slysadeild eða sjúkrahús.

Leikskólastjóri í samráði við lögreglu tilkynnir foreldrum um slysið og leitað er til áfallahjálparteymis slysadeildar þegar um lífshættuleg slys er að ræða. Við innritun nemanda á slysadeild, sjúkrahús eða heilsugæslu greinir starfsmaður frá því hvort og hvernig slysið hafi verið tilkynnt til foreldra. Slysadeildin, sjúkrahúsið eða heilsugæslan sér um að senda aðila úr áfallahjálparteymi til foreldra sé þess þörf.

Þegar ástand nemandans er lífshættulegt er ekki æskilegt að tilkynna slysið í gegnum síma, slíkt getur stefnt foreldrum í hættu.

Slys á foreldrum nemanda

Ef slys verður á foreldrum í leikskólanum eru viðbrögðin þau sömu og við slys á nemendum og starfsmönnum. Fyrsti á staðinn sér um meta áverka og veita bráðahjálp. Kallað er á starfsmann til þess að hringja á sjúkrahól ef þess er þörf og aðrir starfsmenn gæta þess að nærstaddir séu færðir frá vettvangi og hlúð sé að nemendum.

Ef foreldri lendir í alvarlegu slysi utan leikskólans er það í höndum áfallateymis að láta vita í samráði við viðkomandi starfsmann (eða aðstandenda hans). Skólastjóri aflar sér upplýsinga og síðan er tekin ákvörðun með áfallateymi um hvernig ferlið innan skólans sé.

Slys á starfsfólki

Ef minniháttar slys gerist á vinnutíma metur starfsmaður hvort hægt sé að hlúa að áverkanum á staðnum eða hvort það þurfi að fara upp á sjúkrahús til þess að hlúa að áverkunum. Ef starfsmaður lendir í alvarlegu slysi á vinnustað eru viðbrögðin sömu og með slys á börnum. Fyrsti á staðinn sér um meta áverka og veita bráðahjálp. Kallað er á starfsmann til þess að hringja á sjúkrahól ef þess er þörf og aðrir starfsmenn gæta þess að nærstaddir eru færðir frá vettvangi og hlúð sé að nemendum.

Ef alvarleg slys verða á starfsfólki utan vinnutíma er það í höndum áfallateymis að láta vita í samráði við viðkomandi starfsmann (eða aðstandenda hans). Skólastjóri aflar sér upplýsingar og síðan er tekin ákvörðun með áfallateymi um hvernig ferlið innan skólans sé.

Veikindi

Alvarleg veikindi eða dauðsfall

Þegar áfall eða sorg ber að dyrum þá er mikilvægt að allir hafi í huga nærgætni, trúnað og þagnareid. Verum minnug þess að sýna atburðinum virðingu án þess að dvelja of lengi við áfallið. Mestu máli skiptir hlýtt viðmót, virk hlustun, hluttekning og skilningur.

Nota skal fjölbreytilegar, einstaklingsmiðaðar aðferðir til þess að hjálpa nemendum við að vinna úr tilfinningum sínum m.a. í gegnum leik eða sköpun. Viðhöfð eru opin, hreinskilin og einlæg tjáskipti við börnin, sem eru í samræmi við aldur og þroska þeirra.

Veikindi eða dauðsfall nemenda í leikskólanum

Langvarandi og/eða alvarleg veikindi fyrstu viðbrögð í leikskólanum: Starfsfólki og nemendum viðkomandi deildar er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvölum frá leikskóla vegna alvarlegra veikinda sem jafnvel leitt geta til dauða. Áfallateymi ákveður hvernig taka skuli á málinu og metur hve mikið vinna skal með viðkomandi deild. Hafa skal samráð við foreldra eða forráðamenn nemandans sem um ræðir. Aðilar úr áfallateymi ásamt deildarstjóra ræðir við þá sem vinna með nemendum á deildinni

sem tengjast málinu eftir aðstæðum. Athuga skal hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar. Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum, m.a. getur deildin sent kveðju.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann þarf að vera búíð að undirbúa nemendur á deildinni undir það hvernig taka skuli á móti barninu þegar það kemur aftur í leikskólann með það að markmiði að auðvelda endurkomu. Hafa samráð við foreldra eða forráðamenn barnsins. Deildarstjóri ásamt aðila úr áfallateymi ræða við nemandann áður en hann kemur í leikskólann og hlusta eftir því hvernig hann líður og hverju hann kvíðir. Deildarstjóri veitir viðkomandi nemandi sérstaka athygli næstu vikur.

Andlát nemanda fyrstu viðbrögð í skólanum:

Leikskólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið. Áfallateymi kallað saman auk prests á stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans.

Ath! Allar aðgerðir bornar undir viðkomandi foreldra/forráðamenn til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum.

Leikskólastjóri, deildastjóri og prestur tilkynna andlátíð strax viðkomandi deild. Hlúð er að nemendum á deildinni eins og hægt er með aðstoð prests, sérkennslustjóra og sálfræðings með eftirfarandi hætti;

- Kveikt er á kerti.
- Prestur ræðir við nemendur.
- Sungið fallett lag.

Deildarstjórar tilkynna andlátíð á sínum deildum. Mikilvægt er að allir fái fregnina samtímis. Leikskólinn dregur fána í hálfu stöng þegar búíð er að tilkynna nemendum andlátíð.

Vinna á viðkomandi deild sama dag

Æskilegt er að deildarstjóri verði með sinni deild það sem eftir er skóladags. Hafa logandi kerti í kertalukt á deildinni. Nemendum er gefið tækifæri til að tjá sig.

Sérkennslustjóri eða aðrir sem hafa tök á komi sem stuðningur inn á deildina og prestur fenginn til að vera til staðar.

Foreldrum/forráðamönnum nemenda er tilkynnt um atburðinn símleiðis eða sendur tölvupóstur ef ekki vinnst tími til að hringja í alla og þeir beðnir um að sækja börnin sín í lok skóladags.

Mikilvægt að leikskólastjóri athugi hvaða nemendur og starfsfólk voru ekki í skólanum þennan dag, svo hægt sé að senda skilaboð til þeirra.

Í lok dagsins skal fundað í áfallateyminu þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.

Fulltrúar leikskólans fara í heimsókn til aðstandenda nemandans með samúðarkveðju næstu daga á eftir (í samráði við aðstandendur og jafnvel prest).

Vinna á viðkomandi deild næstu daga

- Deildarstjóri tekur á móti nemendum.
- Kerti látið loga í kertalukt og skal láta það loga fram yfir jarðarför.
- Nemendum gefin kostur á að tjá sig t.d. í sköpun með því að teikna myndir, semja bréf, ljóð eða sögur.
- Deildin útbýr samúðarkveðju í sameiningu.
- Nemendum greint frá hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför.

Gott væri að fá prest til að koma í heimsókn inn á deildina og segja frá því hvernig útförin fer fram. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um líðan nemenda á deildinni og vera dugleg að brjóta upp daginn t.d. með gönguferðum, leikjum, slökun og öndun. Mikilvægt er að leyfa nemendum að tjá tilfinningar sínar og koma með eigin reynslusögur.

Fylgjast sérstaklega með nemendum í hópnum sem eiga á einhvern hátt erfitt fyrir. Gefið sorginni tíma og hlusta á hvað nemendur hafa að segja.

Mikilvægt er að starfsfólk fái sjálft stuðning og hjálp. Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólasjóri, deildarstjóri og þeir sem tengst hafa nemandanum verða við jarðarförina.

Alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu nemanda

Fyrstu viðbrögð í skólanum

Leikskólastjórnendur eða deildarstjóri fær staðfestingu á veikindunum eða andláti hjá foreldra/forráðamanni nemandans eða presti bæjarfélagsins. Upplýsingum er komið til deildarstjóra auk annarra sem málið varða. Áfallateymi fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn (aук prests) um næstu skref.

- Deildarstjórar tilkynna starfsfólki leikskólans atburðinn samtímis.
- Leikskólastjóri ásamt presti og deildarstjóra koma upplýsingunum til nemanda á deildinni. (Athuga þarf hvort nán skyldmenni hins látna séu við nám eða störf við skólann).
- Deildin útbýr samúðarkveðju. Leikskólinn sendir samúðarkveðju til nemandans og fjölskyldu þess.
- Ræða þarf í áfallateymi í samráði við ættingja hvort fulltrúar skólans eða nemendur og forráðamenn þeirra verði viðstödd jarðarförina (hér er hægt að leita til prestsins um ráðgjöf).
- Aðilar úr áfallateymi aðstoða deildarstjóra við að undirbúa deildina undir það hvernig tekið verður á móti nemanda þegar hann kemur aftur í leikskólann, það auðveldar endurkomuna.

- Deildarstjóri ásamt aðila úr áfallateymi ræða við nemandans áður en hann kemur í leikskólann og hlusta eftir því hvernig hann líður og hverju hann kvíðir. Deildarstjóri veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur.

Veikindi eða dauðsfall starfsfólks í leikskólanum

Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns leikskólans:

Áfallateymi, í samráði við viðkomandi starfsmann ákveður hvort og þá hvernig tilkynna skuli starfsfólki og nemendum veikindin eða slysið.

Andlát starfsmanns (eða maka/barn starfsmanns)

Leikskólastjóri fær staðfestingu um andlát. Leikskólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátið og sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru. Gæta þarf þess að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við leikskólann fái fregnina sérstaklega. Ekki yfir hópinn.

Áfallateymi fundar um hvernig tilkynna eigi nemendum andlátið. Ef deildarstjóri fellur frá tilkynnir leikskólastjóri ásamt aðila úr áfallateymi og presti andlátið til nemenda. Áfallateymi tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til foreldra/forráðamanna nemenda. Aðilar úr áfallateymi veita deildarstjóra/starfsfólki deildarinnar stuðning og vinna með nemendum næstu daga. Aðilar úr áfallateymi og/eða prestur ræða við nemendum á öðrum deildum eftir því sem þörf er á. Leikskólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns. Leikskólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda, og gefur starfsfólki kost á að sækja jarðarförina. Komi einhver sá atburður fyrir að fjölmiðlar sækist eftir upplýsingum er það eingöngu leikskólastjóri eða staðgengill hans sem gefur þær.

Barnavernd

Í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, stendur að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi, eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, sé skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er skólastjórum, kennurum, þroskaþjálfum og öðrum þeim sem koma að málefnum barna í skólasamfélaginu skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu óviðunandi.

Tilkynningaskylda gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Á vef Barnaverndarstofu má finna verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda.

<https://www.bvs.is/media/verklagsreglur/SOF-2015.pdf>

Viðbrögð vegna eineltis, kynferðisáreitni og ofbeldi gagnvart starfsmönnum

Hér má sjá stefnu og viðbragðsáætlun Dalvíkurbyggðar gegn einelti, áreitni og ofbeldi starfsfólks

<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Adalvefur/Reglugerdir/stefna-dalvikurbyggdar-gegn-einelti-areitni-og-ofbeldi.pdf>

Eldsvoði, óveður og náttúruhamfarir

Eldsvoði

Leikskólastjóri sér um að sýna nýjum starfsmönnum slökkvitæki og útgönguleiðir

Öryggisfulltrúa og leikskólastjóra sjá um að allar útgönguleiðir séu alltaf færar

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin á hverju ári

Allir starfsmenn bera jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið.

Starfsmaður sem er næstur spjaldtölvu tekur hana með út eða að næstu útgönguleið

Deildarstjórar skulu merkja út nöfn nemenda þegar komið er út.

Láta skal alla starfsmenn vita ef eldur kemur upp.

MUNIÐ: Bjarga - Kalla á hjálp - Slökkva

Viðbrögð:

Komi upp sjánlegur eldur skal strax koma boðum til allra deilda/svæða og eldhúss og rýma skal húsið.

Hringt er á slökkvilið úr eldhúsi eða skrifstofu. Sími: 112

Ef viðvörðunarkerfi fer af stað skulu stjórnendur fara að stjórnstöð og kanna hvaðan boðin koma.

Þeir hringja í vaktstöð og láta vita að verið sé að leita skýringa á boðum, línunni er haldið á meðan verið er að leita orsaka og hvort þörf er á slökkviliði.

Um leið og bjallan fer að stað eiga starfsmenn að fara í viðbragðsstöðu og huga að næstu útgönguleið.

Starfsmenn eru látnir vita að verið sé að leita skýringa og skulu þeir vera í viðbragðsstöðu með nemendum við næstu útgönguleið á meðan.

Skóða þarf svæðið sem boðin koma frá og þegar skýring er fundin eru allir látnir vita hvers eðlis hún er.

Húsnæðið er rýmt ef þörf krefur.

Ekki skal slökkva á hljóðgjafa fyrr en búið er að finna orsök – nema tryggt sé að allir séu lagðir af stað/komnir að næstu útgönguleið

Rýming á húsnæði við brunaboð

Safna börnum saman við neyðarútganga

- Taka 4G Ipada
- Taka neyðarkassa

- Hólakot
- Kátakot
- Skýjaborg

Safnast saman við bátinn í nafnakall

- Sólkot
- Mánakot

Safnast saman við bekk á gangstíg í nafnakall

AÐ LOKNU NAFNAKALLI SAFNAST ALLIR SAMAN Í DALBÆ

Hlutverk:

Eldhús: <ul style="list-style-type: none">• Athuga með rými á eldhúsgangi• Aðstoðar á Skýjaborg	Sérkennsla: <ul style="list-style-type: none">• Athugar með rými á gangi• Aðstoðar á deildum í nýbyggingu	Leikskólastjórar: <ul style="list-style-type: none">• Athuga brunaboð• Hafa samband í viðeigandi símanúmer• Koma boðum til skila
---	---	---

Hver og einn ber ábyrgð á þeim börnum sem eru í þeirra umsjón þegar rýma þarf leikskólann. Aldrei skal skilja nemendur eftir ein. Starfsmenn geta farið og aðstoðað á annarri deild/svæði, ef þeirra nemendahópurinn er á öruggu svæði/í umsjón annarra á meðan.

Ekki má tefja björgunarstarf vegna björgunar á hlutum eða með því að freista þess að klæða nemendur í, t.d. skófatnað.

Munið:

Ung börn hafa tilhneigingu til að fela sig við aðstæður sem þessar og því þarf að leita gaumgæfilega að þeim á öllum hugsanlegum stöðum, s.s. í skotum og undir hlutum.

Velja skal auðveldustu útgönguleiðina á hverjum stað.

Athugið að átta hurðar lokast sjálfkrafa þegar eldboð koma upp

- Hurð á Hólkoti
- Hurð á Kátakot
- Hurð á Mánakoti
- Hurð á Sólkoti
- Hurð úr fataklefa inná á starfsmannagang
- Hurð úr fataklefa inn í sérkennslu herbergi
- Hurð inn í eldhús
- Hurð frá eldhúsgangi inn á Skýjaborg
- Hurð úr sal inn á Skýjaborg

Slökkvitæki og brunaslöngur

- Slökkvitæki og brunaslanga eru upp á vegg hjá eldhúsi
- Slökkvitæki er á við útihurð í fataherbergi
- Slökkvitæki er við millihurð frá starfsmannainngangi að kaffistofu
- Brunaslanga er bak við rennihurð í fataherbergi

- Slökkvitæki og brunaslaga er við eldhús.
- Eldvarnarteppi er í eldhúsi.
- Slökkvitæki og brunaslaga er í fataklefa á Skýjaborg

Reglulegar brunaæfingar eru tvisvar ári og unnið er eftir rýmingaráætlun leikskólans.

Jarðskjálfti

Vinnureglur leikskólans um hvernig eigi að bregðast við ef jarðskjálfti gengur yfir eru kynntar starfsfólki á hverju hausti.

Ef þú ert innandyra þegar jarðskjálfti byrjar– ekki hlaupa af stað.

Haltu kyrru fyrir. Krjúpa – Skýla – Halda.

- Farðu undir borð og haltu þér í borð/krjúptu niður í horni við burðarvegg eða hurðarop við burðarvegg.
- Verðu höfuð þitt og andlit.
- Haltu þig frá gluggum. Stórar rúður geta auðveldlega brotnað.
- Varist húsgögn sem geta hreyfst úr stað.
- Varist hluti sem detta úr hillum og skápum, sérstaklega í eldhúsi.
- Haldið ykkur fjarri ofnum og kynditækjum sem hendast af festingum.

Ef þú ert í hvíld með nemendum þegar jarðskjálfti fer yfir, haltu þá kyrru fyrir og notaðu kotta eða dýnu til að verja höfuðið og aðstoða skal nemendur með að gera slíkt hið sama.

Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingu brotnað af. Haldið ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hætta er á hruni.

Ef þú er utandyra þegar þú finnur jarðskjálfta

Ekki hlaupa inn -Vertu áfram úti.

Reyndu að komast á opið svæði þar sem byggingar þrengja ekki að.

Bíða eftir aðstoð eða boðum um að rýma húsnæðið. Ef engin aðstoð berst verður að meta aðstæður. Ef talið er öruggt að yfirgefa húsnæðið skal það gert samkvæmt rýmingaráætlun og safnast skal saman á fyrirfram ákveðnum stöðum – hver deild.

Óveður

Viðbrögð Krílakots þegar tvísýnt er um færð og veður:

Ábyrgð foreldra

Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri, veðurspám og tilkynningum í útvarpi (RÚV) og/eða á samfélagsmiðlum og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni, enda getur veður þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mjög mismunandi eftir svæðum.

Viðbrögð leikskóla

Meginreglan er sú að leik- og grunnskólar eru opnir nema lögregla gefi út tilmæli um að fólk sé ekki á ferli (appelsínugular og rauðar viðvaranir).

Krílakot setur tilkynningu á heimasíðu skólans í þeim tilfellum sem tvísýnt er með veður og færð eða þegar skólahald er fellt niður. Einnig er sendur póstur til foreldra.

Við tvísýnar aðstæður er það ávallt foreldra/forráðamanna að meta hvort þeir treysti börnum sínum í skóla.

Ef skólahaldi er ekki aflýst er tryggt að starfsfólk sé til staðar á auglýstum skólatíma á Krílakoti. Börn sem koma í skólann eru ekki send heim áður en skólatíma lýkur.

Mikilvægt er að láta vita í skóla barnsins ef barnið er heima.

Sími í Krílaakoti er 460-4950, netfang krilakot@dalvikurbyggd.is